



Útgefandi: Foreldrafélag Giljaskóla

---

Giljaskóli Akureyri  
v/Kiðagil  
603 Akureyri  
Sími: 462-4820  
Vefsíða: [www.giljaskoli.is](http://www.giljaskoli.is)  
Netfang: [giljaskoli@akureyri.is](mailto:giljaskoli@akureyri.is)

# Ég er bekkjarfulltrúi



## Handbókin inniheldur:

Upplýsingar um starfsemi Foreldrafélags Giljaskóla

Upplýsingar um hlutverk bekkjarfulltrúa

Hugmyndir að verkefnum fyrir foreldrastarf

Leiðbeiningar um hvernig hafa má samband við skólann og aðra foreldra

Upplýsingar um fasta liði í foreldrastarfi Giljaskóla

## Fylgt úr hlaði...

Með þessari handbók er komið til móts við foreldrafulltrúa bekkja er varðar starfsreglur og hlutverk.

Í handbókinni má einnig finna hagnýtar upplýsingar sem gott er að hafa á einum stað varðandi skipulagningu viðburða í bekk eða ef kalla þarf til fundar. Stjórn foreldrafélagsins vonast til að handbókin komi að góðum notum og óskar bekkjarfulltrúum góðs gengis .

Stjórn Foreldrafélags Giljaskóla

Á heimasíðu Foreldrafélags Giljaskóla [www.giljaskoli.is/is/foreldrafelag](http://www.giljaskoli.is/is/foreldrafelag) er m.a. að finna upplýsingar um:

- nöfn þeirra foreldra sem sitja í stjórn
- félagsgjöld
- foreldrarölt
- foreldrasamstarf
- ýmsar aðrar gagnlegar upplýsingar

## Hvað? Hvenær? Hvernig? Hvert? Hvar? Hvern?

### Skipuleggjum viðburði í bekknum / námshópnum



Höfum frumkvæði að skipulagningu verkefna með nemendum og foreldrum. Veljum með öðrum foreldrum viðfangsefni fyrir veturinn og tímasetjum þá. Sjáum til þess að tímasetningum sé fylgt eftir. Tökum myndir og sýnum við ýmis tækifæri.

### Hvar bóka ég afnot af skólanum?

#### Við hvern tala ég?

Til að bóka fundi og viðburði í skólanum, utan skólatíma er best að hafa samband við skólaritara sem gefur samband áfram eftir erindi ykkar. Síminn í skólanum er **462-4820**



### Fylgjumst með og komum upplýsingum á framfæri

[www.giljaskoli.is](http://www.giljaskoli.is) er vefur skólans.

Innsent efni frá foreldrum er alltaf kærkomið. Innsent efni sendist á [kristinj@giljaskoli.is](mailto:kristinj@giljaskoli.is) eða [ellae@akmennt.is](mailto:ellae@akmennt.is)

## Hvernig hef ég samband við aðra foreldra í bekknum?

Það er hægt að fara inn á [namfus.is](http://namfus.is) með aðgangi sem foreldri. Þá opnast þitt svæði með þínum börnum og þar má finna flísina “símaskrá”. Þar getur þú hakað við þau börn í bekknum sem eiga foreldra sem þú þarft að ná til og velja síðan “senda póst til foreldra”.

## Liggur þér eitthvað á hjarta?

Ertu með mál er varðar skólastarfið og vilt koma því á framfæri? (ekki mál einstakra nemanda) Hafðu þá samband við stjórnina. Stjórnin mun taka málefnið til umræðu, meta það, setja í farveg og fylgja því eftir.

## Hvað? Hvenær? Hvernig? Hvert? Hvar? Hvern?

### Komum ábendingum til stjórnenda.

Ef ykkur liggur eitthvað á hjarta varðandi skólastarfið vilja skólastjórnendur endilega fá að heyra frá ykkur. Saman geta foreldrar og stjórnendur þróað og bætt starfið og myndað með því öflugla liðsheild.



## Hlutverk bekkjarfulltrúa

Á hverju hausti skulu kjörnir að lágmarki 2 **bekkjarfulltrúar** úr hópi foreldra í hverri bekkjardeild.

Hlutverk **bekkjarfulltrúa** er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar. Þeir eru kosnir af foreldrum bekkjarins eða tilnefndir í samráði við fyrri **bekkjarfulltrúa**.

**Bekkarfulltrúar** kalla saman foreldra barnanna í bekknum og ræða við þá um markmið og framkvæmd bekkjarstarfs á komandi vetri.

**Bekkarfulltrúar** eru tengiliðir umsjónarkennara við foreldra og er ætlað að tryggja gott samstarf þar á milli.

**Bekkarfulltrúar** eru tengiliðir foreldra við kennara og koma sjónarmiðum þeirra á framfæri þegar þess gerist þörf.

**Bekkarfulltrúar** eru reiðubúnir til að aðstoða kennara við að skipuleggja þátttöku foreldra í skólastarfinu, t.d. í tengslum við vettvangsferðir, starfskynningu og heimsóknir foreldra í bekkinn.

**Bekkarfulltrúar** eru tengiliðir foreldra innbyrðis, hafa frumkvæði að því að sem flestir foreldrar séu virkir í bekkjarstarfinu. Best er að skipta verkefnum með foreldrum í upphafi skólaárs t.d. umsjón bekkjarskemmtana eða fjáröflunar. Gott er að mynda hópa nokkurra foreldra til að vinna að einstökum verkefnum.


**Bekkarfulltrúar** eru tengiliðir foreldra við stjórn foreldrafélagsins og taka ákvörðun um hvernig skuli verja þeim peningum sem foreldrafélagið úthlutar á hverjum vetri til foreldrasamstarfs.

**Bekkarfulltrúar** hlusta eftir sjónarmiðum nemenda varðandi bekkjarstarf og bekkjaranda. Gott er t.d. að nemendur taki þátt í einum foreldrafundi á hverju ári þar sem málin eru rædd.

## Hvað? Hvenær? Hvernig? Hvert? Hvar? Hvern?

### Bingó

Bingó er skemmtilegur leikur sem allir geta tekið þátt í. Foreldrafélagið á bingóspjöld í skólanum.



### Dans

Dansstopp, diskó, marsering, kúrekadans að ég tali nú ekki um hjarta, spaði, tígull, lauf.

Morgunmóttökur Segjum frá, lesum sögu, sýnum myndir eða leggjum annað gott til.

Vettvangsferðir út í náttúruna  
Hvað er betra en að vera úti í góðu veðri?

### Leikjadagur

Útileikir, innileikir, dótaleikir, íþróttaleikir, kappleikir ofl.

### Spil

Að hittast til að spila er hin mesta skemmtun og allir leggja eitthvað til málanna.

### Heimsóknir

Á vinnustaði foreldra, í sveitina, í skipið, á skrifstofuna, í búðina, á nuddstofuna, í líkamsræktarstöðina

### Böll

Grímuball, furðufataball, rautt ball, náttfataball, kúrekaball ofl.



## Skólaráð

Samkvæmt nýjum grunnskólalögum skal nú starfa skólaráð við hvern grunnskóla. Skólaráð er samráðs-vettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skóla-hald.

Skólaráð skal þannig skipað: Tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks, tveir fulltrúar nemenda og tveir fulltrúar foreldra auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess.

Fulltrúa í foreldraráði má finna á vef foreldrafélagsins.

## Fastir liðir hjá foreldrafélaginu

Mánaðarlegir stjórnarfundir  
Aðalfundur árlega – haldinn að hausti

Bekkjarfulltrúar hitta stjórn að hausti

Einn fulltrúi situr í SAMTAKA

Einn fulltrúi situr í Skólaráði skólans

Fyrirlestrar, oft í samvinnu við aðra

Hausthátíð skólans í ágúst

Kynning á foreldrastarfinu

Tilfallandi gjafir til skólans

Ýmiss stuðningur við skólastarfið

5 ára börn sem innritast að vori fá gjöf frá foreldrafélaginu

## Hlutverk foreldrafélagsins

Allir foreldrar barna í Giljaskóla eru í foreldrafélaginu nema þeir óski sérstaklega eftir því að vera það ekki.

Foreldrafélagið er samráðsvettvangur foreldra og þrýstihópur um hluti sem betur mega fara. Auk þess stendur foreldrafélagið fyrir fræðslu til foreldra og barna og skemmtun fyrir börn í skólanum eftir því sem aðstæður leyfa.

Félagsgjöld í foreldrafélagið eru ákveðin á aðalfundi og eru að jafnaði innheimt á haustönn hvers skólaárs.

Stjórn foreldrafélagsins er samsett úr 5-8 foreldrum, sem eru kjörnir á aðalfundi foreldrafélagsins í september ár hvert.

Stjórnin fundar u.þ.b. einu sinni í mánuði, allt skólaárið, en oftár ef þurfa þykir.

Fulltrúar úr stjórn foreldrafélagsins situr í Skólaráði Giljaskóla og SAMTAKA, samráðsfélagi foreldrafélaga grunnskólanna á Akureyri.

Stjórn foreldrafélagsins fylgir því eftir að kjörnir séu bekkjarfulltrúar í hverjum bekk að hausti, sem eru tengiliður foreldrafélagsins við bekkinn. Stjórnin úthlutar einnig peningum (750 kr. pr.nem.) til bekkjarfulltrúa ár hvert, sem ætlast séu til að séu nýttir í samveru foreldra og barna í bekknum.

## Hvað? Hvenær? Hvernig? Hvert? Hvar? Hvern?

Myndasýning  
Myndasýning frá foreldrastarfinu í bekknum. Minningar í myndum.

Óvissuferð  
Foreldrar skipuleggja óvissuferð innan eða utan bæjar, akandi eða gangandi, í strætó eða hjólandi...

Veitingar  
Eldum sjálf í skólanum eða heima, komum með, bókum eða pöntum.



Mála, teikna, lita, leira, fönndra.  
Foreldrar hittast og vinna skapandi með börnunum.

Hollt og gott  
Allir koma með hollt og gott. Gera eitthvað spennandi saman.



Kökuskemmtun  
Helmingur kemur með kökur og hinn helmingur drykki. Skemmtiatriði.

Félagsvist  
Frábær skemmtun fyrir nemendur sérstaklega á miðstigi og elsta stigi.

Fjáröflun Kaffihlaðborð, sala á ýmsum varningi, bingó, spilakvöld, happdrætti og vinnuframlag.